



Fundargerð		
Yfirskrift / efni:	8. fundur stjórnar KLÍ 2019-2020	
Staðsetning:	Fjarfundur	
Hvenær:	30. apríl 2020 kl. 20:30	
Pátttakendur:	Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) Einar Jóel Ingólfsson (EJI) Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) Ingi Geir Sveinsson (IGS) Stefán Claessen (SC)	Formaður Meðstjórnandi Framkvæmdarstjóri Ritari Meðstjórnandi
Boðuð forföll:	Hafþór Harðarson (HH) Kristján Ó Davíðsson (KÓD) Björn Kristinsson (BK)	Varaformaður Íþróttastjóri 3. varamaður
Fjarverandi:		
Fundarritari:	IGS	

Tímabilið næsta

Rætt um hvaða möguleika við höfum til að klára það sem þarf áður en næsta tímabil byrjar haustið 2020.

KLÍ þing 2020

Enn óvíst hvenær þingið verður haldið. Undirbúningur fyrir það fer samt fram og mun þingið verða auglýst um leið og dagsetning er klár.

Vefmál.

Rætt stöðuna á vefmálum KLÍ. Ósk um að dagskrá virki vel gegnum síma ásamt að laga fleira. Ýmsar hugmyndir ræddar þar á meðal hugsanlega hafa skorið rafrænt í framtíðinni í liðakeppni gegnum Lanetalk. Einar og Stefán munu taka að sér ásamt Tolla að skoða hvernig hægt verði að framkvæma þetta með húsunum.

Stjórn

Farið var yfir hverjir gefa kost á sér fyrir næsta tímabil. Jóhann, Hafþór og Stefán gefa áfram kost á sér.

Næsta tímabil

Skipulag dagskrár, rætt um að stafsmaður komi meira að skipulagi dagskrár með Mótanefnd. Rætt að það þurfi að fara að senda út á félögin um skráningu liða fyrir næsta tímabil.

Önnur mál.

Jóhann fór yfir fund ÍSÍ þar sem farið var yfir styrki sem greiddir verða til félaga sem styrkir vegna Covid. Rætt var um starfsmannamál sambandsins og hugmyndir í kringum hugsanlegar breytingar á þeim.

Fundi slitið 22.35